

Fundargerð aðalfundar Félagsbústaða hf. sem settur var 27. mars 2020 en frestað og fram haldið 28. maí 2020 á skrifstofu félagsins að Þönglabakka 4.

Fundinn sátu á skrifstofu félagsins: Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður Félagsbústaða, Laufey Líndal Ólafsdóttir, stjórnarmaður í Félagsbústöðum, Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða, J. Sturla Jónsson, endurskoðandi Félagsbústaða, Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, Theodór Kjartansson, lögmaður hjá embætti borgarlögmanns og Kristín Guðmundsdóttir, fjármálastjóri Félagsbústaða.

Fulltrúar hluthafa Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, sátu fundinn í gegnum fjarfundabúnað, og auk þeirra Pétur Krogh Ólafsson, aðstoðarmaður borgarstjóra, Halldóra Káradóttir, forstöðumaður áhættu- og fjármálasviðs Reykjavíkurborgar og Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi.

Fundurinn fór fram samkvæmt dagskrá

Formaður stjórnar Haraldur Flosi Tryggvason setti aðalfund og bauð gesti velkomna. Theodór Kjartansson var kosinn fundarstjóri og Kristín Guðmundsdóttir, fjármálastjóri Félagsbústaða, fundarritari. Fundarstjóri fór yfir löglega boðun fundarins og að. Engar athugasemdir komu fram og telst fundurinn því lögmætur.

1. Skýrslu stjórnar flutti stjórnarformaður, Haraldur Flosi Tryggvason. Í máli sínu fór hann yfir skýrsluna í helstu atriðum og vísaði í skriflegt eintak í ársreikningi 2019. Borgarstjóri tók til máls og tók undir þakkir og orð Haraldar um uppbyggingu félagsins með íbúðaaukningu og velgengni félagsins síðastliðið ár. Borgarstjóri og sviðsstjóri velferðarsviðs tóku til máls og þökkðu góða þjónustu og samstarf við Félagsbústaði.
2. Ársreikningur Félagsbústaða 2019 kynntur af framkvæmdastjóra Sigrúnu Árnadóttur og lagður fram til samþykktar fulltrúa eigenda. Ársreikningurinn var áður samþykktur af stjórn félagsins hinn 6. mars 2020 og birtur á vef félagsins og í Kauphöll samdægurs. Endurskoðandi félagsins áritaði ársreikninginn, án athugasemda eða fyrirvara. Ekki fóru fram umræður um ársreikninginn.

Ársreikningur 2019 var samþykktur af hálfu eigenda.

3. Ákvörðun um meðferð og niðurstöðu rekstrarreiknings: Tillaga stjórnar Félagsbústaða var samþykkt af fulltrúum eigenda, þ.e. að ráðstafa hagnaði til hækkunar á eigin fé félagsins.
4. Kjör stjórnar og endurskoðanda félagsins.

Borin var upp tillaga þess efnis að stjórn verði endurkjörin og þannig skipuð: Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður, Heiða Björg Hilmisdóttir og Laufey Líndal Ólafsdóttir. Endurskoðandi var kjörinn Grant Thornton endurskoðun ehf.

Samþykkt af fulltrúum eigenda.

5. Þóknun til stjórnarmanna

Lögð var fram tillaga að þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár:

stjórnarformaður 3.250.271 kr. (var árið 2019: 3.098.447 kr.)
aðrir stjórnarmenn 1.625.135 kr. (var árið 2019: 1.549.223 kr.)

Hækkun launa tekur mið af launavísitölu tímabilið janúar 2019 til janúar 2020.
Hækkunin nam 4,9%.

Samþykkt af fulltrúum eiganda.

6. Önnur mál

a. Hlutfjár aukning

Eftirfarandi tillaga um að hækka hlutfé var lögð fram:

Aðalfundur Félagsbústaða haldinn 28. maí 2020 samþykkir, til samræmis við samþykkt borgarráðs, 26. mars sl., að hækka hlutfé félagsins 147.215.343 kr. að nafnverði, með áskrift nýrra hluta sem skulu vera seldir á genginu 1. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu þeir vera í sama flokki og með sömu réttindum og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutfjárhækkunar. Reykjavíkurborg hefur þegar skráð sig fyrir öllum hlutum samkvæmt fyrrgreindri samþykkt og skal greiðslufrestur vera einn mánuður frá samþykkt fundarins. Framkvæmdastjóra er falið að tilkynna hækkun hlutfjár þegar áskriftarverð hefur verið greitt félaginu.

Samþykkt af fulltrúum eiganda.

b. Breytingar á samþykktum félagsins

Lögð var til svohljóðandi breyting á 2. og 3. mgr. 5. greinar samþykpta félagsins

„Félagið skal ekki rekið í hagnaðarskyni. Öll viðskipti með eignir félagsins skulu fara fram á markaðsvirði eins og það er á hverjum tíma.

Úthlutun leiguíbúða félagsins og ákvörðun leiguverðs leiguíbúða skal vera í höndum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Gerð húsaleigusamninga skal taka mið reglum Reykjavíkurborgar hverju sinni sbr. nógildandi 22. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Fyrir fundinum liggur tillaga þess efnis að breyta samþykktum félagsins í samræmi við nógildandi reglur Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.“

Samþykkt af fulltrúum eiganda. Umræður fóru fram um breytingar á samþykktum.

Fundarstjóri tók til máls og kannaði mælendaskrá sem var tæmd.

Fundarstjóra og fundarritara falið að ganga frá fundargerð. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:39.

Theodór Kjartansson, sign.

Kristín Guðmundsdóttir, sign.